Stúdentaráð Háskóla Íslands

Reykjavík, 16. nóvember 2026

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt (Mál nr. S-225/2026)

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) vísar til draga að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt sem kynnt voru í Samráðsgátt þann 3. nóvember síðastliðinn.

SHÍ setur athugasemdir við að framfærsluviðmið námsmanna séu reiknuð sem 75% meðaltals frítekjumarks húsnæðisbóta, fulls örorkulífeyris með heimilisuppbót og tekjumarks skerðingar barnabóta einstæðs foreldris. Frekar ætti að taka tillit til raunkostnaðar og stöðu stúdenta líkt og gert er á Norðurlöndunum.

Umsögn þessi gerir grein fyrir athugasemdum Stúdentaráðs um fyrirhugaða breytingu á framfærslukröfum, þá einkum þeim sem beinast að námsmönnum og doktorsnemum.

Framfærsla námsmanna er ekki sambærileg framfærslu annarra einstaklinga á vinnumarkaði

Námsmenn utan EES eru ekki sambærilegir þeim einstaklingum sem flytja til Íslands í atvinnuskyni heldur koma þeir til landsins til þess að stunda nám. Til þess að fá endurnýjun námsdvalarleyfis þarf námsmaður að sýna fram á 75% námsframvindu fulls náms, sem eru 45 einingar af 60[1]. Samkvæmt Bolognaferlinu, sem var innleitt á Íslandi með lögum um háskóla árið 2006, samsvarar fullt nám 1500-1800 vinnustundum[2]. Á hvoru misseri er álagið því um 750-900 vinnustundir, sem deilt niður á 16 vikur er um 47-56 vinnustundir á viku. Lengd misseris er þó misjafnt milli skóla og sviða. Miðað við Bolognaferlið samsvarar því fullt nám meiri vinnu en kjarasamningsbundinni vinnuviku og þar að auki mega námsmenn utan EES/EFTA ekki vinna meira en 60% starf á meðan

[1] 80/2016: Lög um útlendinga | Lög | Alþingi
[2] 63/2006: Lög um háskóla | Lög | Alþingi; Háskóli Íslands: Einingar og einingamat

námi stendur[3]. Námsmenn eiga því ekki sömu möguleika til tekjuöflunar og aðrir einstaklingar á vinnumarkaði.

Einnig verður að taka tillit til þeirra sérkjara sem stúdentum standa til boða og geta dregið úr framfærslukostnaði þeirra. Þar má meðal annars nefna stúdentaíbúðir þar sem leiguverð er um 30-40% lægra en á almennum leigumarkaði[4], 50% afslátt á tímabilskortum í Strætó[5], endurgjaldslausa nettengingu á sumum Stúdentagörðum[6] og ýmsa aðra stúdentaafslætti[7]. Við mat á framfærsluþörf námsmanna er því eðlilegt að taka mið af þeim sérstöku aðstæðum og kjörum sem þeim standa til boða.

Misræmi framfærsluviðmiða Íslands og Norðurlandanna

Í skýrslu dómsmálaráðuneytisins frá árinu 2025 um útgáfu dvalarleyfa og misræmi milli Norðurlandanna skrifa skýrsluhöfundar að á „Norðurlöndum eru framfærslukröfur betur tengdar við raunverulegan kostnað“ en á Íslandi.[8] Fyrirhugaðar breytingar viðmiða um framfærsluskilyrði fyrir námsmenn og doktorsneman svipa að litlu leyti til þess hvernig þau eru reiknuð á Norðurlöndunum og því mikilvægt að ráðuneytið fylgi orðum skýrsluhöfunda eftir og taki mið af raunverulegum framfærslukostnaði stúdenta.

Við útreikning framfærsluskilyrða námsmanna á Norðurlöndunum er miðað við raunverulegan kostnað við uppihald stúdenta í viðkomandi landi. Í Noregi taka þau mið af því sem lánasjóður Noregs, Lånekassen, veitir stúdentum ár hvert í grunnframfærslu (n. b*asislån)* og deila því með fjölda námsmánaða, sem eru 11 talsins.[9] Svíþjóð miðar við verðlagsgrunn við mat framfærsluskilyrða og er hann reiknaður samkvæmt hagstofu Svíþjóðar, SCB.[10] Samkvæmt regluverki Innflytjendastofnunar Svíþjóðar reiknast síðan mánaðarleg framfærslukrafa stúdenta og doktorsnema við 18% þessa verðlagsgrunns.[11] Finnska útlendingastofnunin tekur svo mið af þeim sérstöku aðstæðum sem námsmenn búa við, meðal annars lægri húsnæðiskostnaði í

[3] 97/2002: Lög um atvinnuréttindi útlendinga | Lög | Alþingi
[4] Meðalleiga á námsgörðum; meðalleiga á almennum markaði
[5] Mánaðarkort í Strætó
[6] Garðanet
[7] https://student.is/afslaettir/
[8] https://www.stjornarradid.is/library/?itemid=0de00bc4-c601-11f0-b897-005056bcde1f
[9] Sjá reglugerð UDI, 4. lið, 2.gr.
[10] https://www.scb.se/hitta-statistik/statistik-efter-amne/priser-och-ekonomiska-tendenser/priser/konsumentprisindex-kpi/pong/statistiknyhet/prisbasbeloppet-for-ar-2026/
[11] https://www.migrationsverket.se/download/18.58abfa671a11163de737ef/1792410229158/MIGRFS_2026_14.pdf

stúdentahúsnæði, niðurgreiðslu máltíða og mögulegum stúdentaafsláttum þegar framfærsluviðmið stúdenta og doktorsnema er reiknað.[12]

Þótt Norðurlöndin beiti mismunandi aðferðum við ákvörðun framfærsluviðmiða námsmanna og doktorsnema eiga þau það sameiginlegt að taka mið af sérstöðu námsmanna og þeim kostnaðarþáttum sem hafa áhrif á raunverulega framfærsluþörf þeirra. Þannig byggja viðmiðin ekki eingöngu á almennum tekju- og bótaviðmiðum heldur taka jafnframt mið af þeim aðstæðum og kjörum sem standa námsmönnum til boða í hverju landi. Noregur tekur mið af reiknaðri framfærslu lánasjóðs þeirra, í Svíþjóð er grunnur reiknaður miðað við mánaðarlegan uppihaldskostnað og Finnland tekur mið af áætluðum mánaðarlegum kostnaði stúdenta með tillit til aðstæðna þeirra. Fyrirhuguð áform um breytingu viðmiða á framfærslukröfu stúdenta og doktorsnema hérlendis byggja hins vegar ekki á því hvernig önnur Norðurlönd reikna kröfuna. Ef markmiðið er að minnka misræmi milli Norðurlandanna í dvalarleyfismálum verður að horfa til þess hvernig þau reikna framfærslukostnað stúdenta og doktorsnema raunverulega.

Tökum mið af Norðurlöndunum

SHÍ hvetur dómsmálaráðherra til þess að taka tillit til raunkostnaðar við gerð framfærslukröfu stúdenta og nýdoktora, enda bjóðast þeim alla jafna hagstæðari kjör en hinum almenna þátttakanda á vinnumarkaði. Enn fremur væri það í samræmi við markmið þessarar reglugerðar að minnka misræmi milli Norðurlandanna á útgáfu dvalarleyfa. Við vonum að reglugerðin verði endurskoðuð í ljósi þessara athugasemda.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Katla Ólafsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

[12] https://migri.fi/en/-/increases-in-income-required-of-residence-permit-applicants-as-of-1-november-2024